

STARFSLEYFI

Landeldi á bleikjum

Guðlaugur H Kristmundsson

Starfsleyfi	
Starfsemi:	Landeldi á bleikjum
Leyfisnúmer:	UOS-2025-L048-01
Rekstraraðili:	Guðlaugur H Kristmundsson
Kennitala rekstraraðila:	121154-5529
Staðsetning:	Lækjarbotnar
Sveitarfélag:	851 Hella
Umfang:	Allt að 20 tonna lífmassa
Málsnúmer:	UOS2506228
Gildir til:	29. desember 2041

1 Almenn ákvæði

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Guðlaugur H Kristmundsson, kt. 121154-5529 fyrir landeldi á bleikjum að Lækjarbotnum, norðan Hellu, í Rangárþingi ytra. Guðlaugur H Kristmundsson er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til landeldis á bleikjum að Lækjarbotnum í Rangárþingi ytra með allt að 20 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

1.3 Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggd á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem

reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Áætlun skal vera til staðar til að bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnum, búnaði, geymum, óunnu hráefni, afurðum, mannvirkjum, lögnum, tækjum og rekstrarsvæði. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að hráefni sem tilheyra rekstrinum séu ekki skilin eftir á svæðinu.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal brunavörnum viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megji út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfis- og orkustofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, benda til þess eða Umhverfis- og orkustofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp.
- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breyting verður á bestu aðgengilegu tækni sem gerir það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvað hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef vöktun hefur farið fram sem leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. grein 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfis- og orkustofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfis- og orkustofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 Starfshættir

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Rekstraraðili skal tryggja eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum að halda mengun lofts, láðs og lagar í lágmarki. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað. Tryggja skal kennslu og æfingu í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýtis eða hættu fyrir umhverfið.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hættu af starfseminni.

2.4 Umhverfisstjórnarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun og ber rekstraraðila að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna - 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.6 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megir aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 Varnir gegn mengun ytra umhverfis

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) á hverjum tíma sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt gr. 1.6.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Auðlindanýting

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisvatnsins sbr. gr. 3.1.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 7 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefni af lífmassaaukningu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda í eins metra fjarlægð frá útrás settjarna sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp:

- Hámarks breyting af völdum frárennslis: 2°C
- Súrefnismettun, lágmark: 70%
 - Má ekki fara undir 6 mg O₂/l
- Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
- Ammóníak NH₃: minna en 0.025 mg/l
- Súrefnisnotkun BOD₅: hæst 4 mg O₂ /l (eða hæst COD: 20 mg/l)

- Olíu og fitubrák má ekki sjást
- Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l

3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Frárennslis skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennslis. Viðunandi rennslis einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni. Umhverfis- og orkustofnun getur skilgreint nánar hvort rennslíð sé viðunandi og gert kröfu um úrbætur. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti. Teikningar og gögn um fráveitu skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila sé kallað eftir þeim.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með setpró eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslíð áður en því er veitt í viðtaka. Tryggja skal að losun fari ekki yfir viðmiðunarmörk í samræmi við gr. 3.4. Sýni mælingar að styrkur efna fari yfir mörk í frárennslisvatni skal rekstraraðili gera Umhverfis- og orkustofnun viðvart og leggja fram úrbætur um bættu hreinsun. Stofnunin getur kallað eftir mælingum samkvæmt gr. 2.6 ef eftirlit gefur til kynna að hreinsun frárennslis sé ábótavant. Umhverfis- og orkustofnun getur farið fram á breytingar á fyrirkomulagi hreinsunar ef mælingar benda til þess að losun sé yfir mörkum sem sett eru í starfsleyfi eða ef vísbendingar eru um að vatnsgæði í viðtaka hafi rýrnað.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfis- og orkustofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur eða viðtakatjörn hreinsuð.
- Frárennslisvatn verði vel hreinsað með frekari hætti.
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfis- og orkustofnun beitt ákvæðum gr. 1.7.

Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, sbr. gr. 3.4, má ekki vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

3.6 Vatnshlot

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fyrir þau. Reksturinn má ekki valda því að ástandi

nærliggjandi vatnshlota hraki. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokkanna í vatnaáætlun.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

3.9 Dauðfiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífbrjótanlegan úrgang og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs. Öllum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Skrá skal spilliefni sem myndast vegna starfseminnar skv. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni í samræmi við reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Þá skal tryggt að starfsmenn hafi þekkingu á geymslu og meðhöndlun spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim getur stafað. Skila skal þeim spilliefnum sem verða til við vinnsluna, eða starfsemi sem tengist henni, til viðurkenndrar spilliefnamóttöku gegn afhendingu kvittunar. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.

Fastefni sem hreinsað er úr frárennsli skal endurnýta eins og kostur er. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til

endurnýtingar lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennsli) og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð. Óheimilt að farga úrgangi og spilliefnum um niðurföll. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum, mengandi efnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4 Innra eftirlit og mælingar

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- a) lífmassaaukning, framleiðsla og afföll ársins
- b) fóðurnotkun, fóðurnýting og fóðurgerð
- c) magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni
- d) kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar
- e) viðhald, bilanir og óhöpp í mengunarvarnabúnaði
- f) mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- g) allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans
- h) staðfesting á þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.3
- i) magn næringarefna í frárennsli (losunarmælingar) sbr. gr. 4.3
- j) niðurstöður mælinga

- k) tæmingu olíugildra
- l) hreinsun á mengunarvarnabúnaði
- m) myndir af útrás sbr. gr. 3.5
- n) lyfjagjöf

4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður en því er veitt til sjávar. Umhverfis- og orkustofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið skuli að sýnatöku og hvaða aðila skuli falið að taka sýni.

4.3 Sýnataka úr frárennsli

Fullnægjandi aðstaða til losunarmælinga skal vera til staðar. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd losunarmælinga. Upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis í viðtaka. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD₅) a.m.k. tvisvar á ári en fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6.

Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Ef fóðrun er jöfn allt árið skulu mælingar gerðar tvisvar á ári og skulu líða a.m.k. fjórir mánuðir á milli mælinga. Fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6. Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila sbr. gr. 4.4. Meta skal virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennsli við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5, og ákvarðanir teknar um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun, reynist virkni hreinsibúnaðar ófullnægjandi. Skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og eftir atvikum 5. kafla.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 990/2008 um umhverfisupplýsingar.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 Umhverfisvöktun

5.1 Vöktunarmælingar

Umhverfis- og orkustofnun getur farið fram á við rekstraraðila að hann standi fyrir eða taki þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni starfsstöðvarinnar og leggi fram vöktunaráætlun, t.a.m. ef vísbendingar eru um neikvæð áhrif af völdum rekstrarins á nærliggjandi vatnshlot. Slík áætlun skal vera í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga auk vöktunar ef við á sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Hann skal greiða sinn hluta af kostnaði sameiginlegrar vöktunar ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda sams konar mengun. Umhverfis- og orkustofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir.

6 Flokkun starfsemi og gjaldskylda

Starfsemi þessi fellur undir lið 2 í viðauka II í lögum nr. 7/1998 og lið 2 í viðauka IX í reglugerð nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfis- og orkustofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gjaldskrá stofnunarinnar.

7 Gildistaka

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 29. desember 2041.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 29. desember 2025

Umhverfis- og orkustofnun

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Viðauki A

Um ákvörðun losunarmarka

- I. Umhverfis- og orkustofnun hefur í gr. 3.4 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (10,0 kg/tonn). Samkvæmt gr. 7.2 í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
- II. Skilyrði um útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka í gr. 3.5 eru samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1A í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- III. Mælingar á lífrænu efni í gr. 4.3 eru til upplýsinga en ekki til að uppfylla losunarmörk.

Viðauki B

Yfirlit yfir skil

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðin skil tilgreind:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili skuli taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Þar skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla.
- Í gr. 4.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Greinargerð

vegna útgáfu á starfsleyfi fyrir Guðlaug H Kristmundsson að Lækjarbotnum

1. Almenn

Guðlaugur H Kristmundsson að Lækjarbotnum sótti þann 3. desember 2024 um starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að Lækjarbotnum hefur verið starfrækt landeldi á bleikjum um þó nokkurt skeið. Gildistími fyrra starfsleyfis var til 15. janúar 2025 en Umhverfis- og orkustofnun tók ákvörðun þann 14. janúar s.á. um að framlengja leyfið til að hámarki eins árs. Um er að ræða allt að 20 tonna landeldi á bleikjum og var umsóknin metin fullnægjandi þann 10. janúar 2025 með bréfi því til staðfestingar til rekstraraðila.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir starfsemi Guðlaugs H Kristmundssonar, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 25. nóvember til og með 23. desember 2025. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þann 25. nóvember sl. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, sveitarfélagsins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Skipulagsstofnunar, Hafrannsóknastofnunar, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Landsambands veiðifélaga sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Starfsemin fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og er því ekki háð umhverfismati.

3. Skipulag

Fyrirhuguð starfsemi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028.

4. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Ekki hafa verið gerðar neinar efnislegar breytingar frá auglýstri tillögu.

6. Aðrar leyfisveitingar

Starfræksla fiskeldisstöðva á landi þar sem hámarkslífmassi fer ekki yfir 20 tonn er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar og skráningarskyldu Matvælastofnunar, sbr. II. viðauka laga nr. 7/1998 og 3. gr. reglugerðar nr. 1133/2021 um skráningarskylda aðila í

fiskeldi. Starfsemin gæti einnig verið háð leyfisveitingum frá öðrum stofnunum og sveitarfélaginu, t.a.m. byggingar- eða framkvæmdaleyfi.

7. Niðurstaða

Umfhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir Guðlaug H Kristmundsson að Lækjarbotnum í Rangárþingi ytra að undangenginni ítarlegri yfirferð á fyrirliggjandi málsmeðferðargögnum. Umhverfis- og orkustofnun telur að þær kröfur sem getið er í starfsleyfi séu líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum sem losun vegna starfseminnar gæti haft í för með sér.

8. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila. Starfsleyfið er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leyfið öðlast gildi við afhendingu þess til rekstraraðila og gildir til 29. desember 2041.